

Stjórnarfundur STEFs 30. apríl 2020

Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs mánudaginn 30. apríl 2020 og hófst hann kl. 13:00. Sökum samkomubanns v. veirufaraldurins COVID-19 var fundurinn haldinn sem fjarfundur í gegnum *Microsoft Teams*.

Fundarmenn voru Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Jakob Frímagn Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Bragi Valdimar Skúlason og Hjálmar H. Ragnarsson, auk framkvæmdastjórans, Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 25. mars og útdráttur úr fundargerð voru samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Lögð eru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- a) Concertify – kynning og samningur
- b) IHM – Niðurstöður könnunar Maskínu
- c) Uppgjör v. Tónastreymis

3. Fulltrúaráðskosning.

Niðurstöður kosninga og tölvupóstar til frambjóðenda og nýs fulltrúaráðs lagðir fram. Almennt taldi stjórn að kosningarnar hefðu farið vel fram, en þær voru þó nokkuð flóknar í framkvæmd þar sem bæði var um að ræða bréflugar og rafrænar kosningar.

Hægt er að læra af þeim hvað það skiptir miklu máli að meðlimir hafi rétt netföng skráð og er mælt til þess að STEF fari í áttak að fjölga rétt skráðum netföngum meðlima. Í þessu sambandi virðist t.d. vera meiri hætta á misbrestum þegar um er að ræða erfingja höfundaréttar.

4. Aðgerðir STEFs vegna COVID-19.

Farið var yfir mat STEFs á áhrifum COVID-19 á tekjuáætlun STEFs árið 2020 (sjá nánar yfirlit á milli fundum). Stjórn óskaði eftir að fá reglulega uppfært mat á stjórnarfundum ársins. Þá er rætt um hvernig STEF getur tekist á við þetta tekjutap. Áréttað er að skrifstofa STEFs starfi með óbreyttu sniði, enda verkefni ekki farin neitt. Hins vegar er ljóst að úthlutun næsta árs mun verða mun lægri en ella hefði verið. Þrátt fyrir að STEF standi ágætlega á þessum tímum er mikilvægt að gæta aðhalds í nýjum verkefnum og fjárfestingum.

Tillaga var lögð fram um staðlaðar fyrirframgreiðslur STEFs til meðlima vegna áhrifaveirufársins. Var tillagan samþykkt. Gengur hún út á að allir meðlimir STEFs með úthlutun yfir 400 þúsund á s.l. ári (2019) geti óskað eftir fyrirframgreiðslu. Fyrirframgreiðslan er í fimm þrepum, frá 150 þúsund kr. upp í 750 þúsund kr. og fara þrepin eftir úthlutun s.l. árs.

5. Stefnumótun stjórnar.

Tillaga með hugmyndum lögð fram frá Hjálmar. Upplegg frá Sævari Kristinssyni (KPMG) lagt fram.

Ákveðið að fráfarandi stjórn skili af sér með tillögum til nýrrar stjórnar um áhersluatriði sem unnin verða á stefnumótunarfundi þann 20. maí.

6. Undirbúningur endurnýjunar samninga við RÚV and SÝN.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að samningaviðræður væru að hefjast við RÚV og SÝN hvað varðar endurnýjun gildandi samninga. Ljóst er að núgildandi samningar eru á margan hátt orðnir úreltir. Farið var yfir helstu markmið STEFs í þessum samningum. Ítrekað er að stjórn skipi einn fulltrúa úr stjórn í samningahópinn.

7. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar.

a) Stjórnarkjör.

Farið yfir ýmis mál er varða fulltrúaráðsfundinn sem haldinn verður þann 23. maí nk.

Ákveðið er að stjórnarkjörið fari fram á þann hátt, að sendur verði út atkvæðaseðill með *Survey Monkey* til fulltrúaráðsmanna, það verði gert á fundinum sjálfum. Slíkt er nauðsynlegt þar sem fundurinn verður haldinn sem fjarfundur.

Nú þegar reynir í fyrsta skipti á nýjar samþykktir varðandi stjórnarkjör, kemur í ljós að ákvæði sem varða varamenn eru nokkuð flókin í framkvæmd og vill stjórnin gjarnan breyta þeim til einföldunar. Ekki er þó annað hægt en að láta núgildandi ákvæði gilda um varastjórn í næstu kosningum, þar sem ekki er hægt að breyta samþykktum nema á tveimur aðalfundum með ári á milli. Verður hins vegar stigið fyrsta skrefið í þessa átt nú á næsta fundi. Stjórnin leggur það til, að sú breyting verði gerð að þessu leyti á samþykktum að fyrst fari stjórnarkjör fram og að því loknu verði gert stutt hlé. Að því loknu muni aðalmenn tilnefna varamenn sína úr hópi fulltrúaráðs. Þannig verði ákvæði samþykktu um að menn skuli tilkynna um framboð í varastjórn viku fyrir fulltrúaráðsfund fellt brott.

b) Breytingar á samþykktum.

Stjórn samþykkir að leggja fram tillögu til breytinga á samþykktum STEFs hvað varðar rafrænar kosningar á næsta fulltrúaráðsfundi, sem og varðandi varamenn, sbr. lið a hér að ofan.

8. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál lögð fram.

Fundi slitið kl. 15:15.